

Nesvegur 5 ehf.
Hellnafelli 6
350 Grundarfjörður

Selfossi, 4. júlí 2025
Tilvísun: 25061537

Opinbert dýravelferðar -og heilbrigðiseftirlit með fiskeldi

Skv. reglugerð. nr. 462/2021 (2016/429/EB), reglugerð nr. 300/2018 og viðauka I í reglugerð nr. 103/2010 (852/2004/EB)

Upplýsingar um fiskeldisstöð:

Heiti: Nesvegur 5 ehf.	Kennitala: 510416-0230
Heimilisfang: Ásmundarnes, 511 Hólmavík	Leyfisnr: FE-1197
Stöðvarstjóri: Víóir Björnsson	Dags.: 20.06.2025
Er stöðin í dreifingarbanni: nei	Óboðað eftirlit : Já
Tegund fiska : Regnbogasilungur (Oncorhynchus mykiss)	
Skilyrði uppfyllt til útgáfu heilbr. vottorða: já	Tegund eftirlit: Reglubundið
Frumframleiðsla: 45 tonn regnbogi – seiðaelði.	

Eftirlitsmaður Matvælastofnunar, Wija Ariyani, sérgreinadýralæknir fór í eftirlit í eldisstöðinni Nesvegur 5 ehf. þann 20.06.2025 Viðstaddur eftirlit var Gísli Ólafsson

I. UPPRUNI VATNS OG GÆÐAMAT:

- Uppruni vatns og frágangur inntaks - **án aths**
- Niðurstöður mælingar – **án aths**

II. UMHVERFI, HREINLÆTI OG SMITVARNIR:

- Smitvarnir – **Frávik**
 - Skil á milli hreins og óhreins svæðis í búningsherberginu voru óskýr sem gætu dregið úr virkni smitvarna.
 - Vatnspollar höfðu myndast á milli eldiskerjanna á útisvæði, sem getur aukið á óþrifnaði. Göt eru í sumum rörum.
 - Umtalsvert magn fódurs safnast upp á göngubrúum við eldisker og á gólfi.

15.gr. reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagadýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit segir:

- ✓ Eldisstöðvar skulu hannaðar með þeim hætti og þannig viðhaldið að auðvelt sé að þrifa þær og sótthreinsa reglulega. Sama gildir um ganga og vistarverur. Gæta skal þess að á athafnasvæði eldisstöðvar séu ekki hlutir sem auka á hættu á sjúkdómum eða valda óþrifnaði.
- ✓ Fóðurgeymslur og fóðureldhús skulu vera aðskilin frá öðrum hlutum eldisstöðvar og vera með sérinngangi, þar sem taka skal inn fóður og hráefni. Við móttöku fódurs og annarra aðfanga skal gæta að smitvörnum og meindýravörnum. Fóðurgeymsla og aðgengi að henni skal vera hreint og þurrt og tryggt að fóður mengist ekki, þannig að eldisdýrum geti stafað smithætta af. Fóðurbúnaður skal þannig útbúinn, uppsettur og viðhaldið að hætta á mengun sé í lágmarki.

- ✓ Við móttöku og afhendingu eldisdýra skal gæta að smitvörnum og tryggja að aðstaða til þrifa og sótthreinsunar sé til staðar
 - Umhirða eldisfiska - **án aths**
 - Aukaafurðir dýra – **Frávik**
 - Dauðir fiskar er safnað á staðnum, blandað með maurusýru og urðaðir á svæðinu merkt með GPS hnit.
 - Ílát fyrir aukaafurða var ómerkt.
- Urða skal úrgang fiska á réttan hátt sbr. reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og öll ílát til söfnunar, flutnings og geymslu á ABP skulu vera merkt í samræmi við þann áhættuflokk sem verið er að vinna með.
- Innra eftirlit og varsla gagna – **án aths**

III. DÝRAVELFERÐ, SJÚKDÓMAEFTIRLIT OG SÝNATÖKUR:

- Fóðrun – **án aths**
- Þéttleiki - **án aths**
- Helstu sjúkdómavandamál/lyfjagjafir - **án aths**
- Heilbrigði og forvarnir - **án aths**
- Aflifun – **án aths**
- Varsla efna og lyfja - **án aths**

IV. AÐRAR UPPLÝSINGAR

- Þekking og hæfni - **án aths**
- Viðvörðunarbúnaður - **án aths**

Matvælastofnum óskar eftir að úrbótaáætlun verði send til stofnunarinnar eigi síðar en **21. Júlí 2025**

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í **samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar**. Andmæli berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is. Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022.

Lagagrunnur eftirlits

Lög nr 55/2013 um velferð dýra, og lög 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, Lög nr. 71/2008 um fiskeldi

- Reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum
- Reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi
- Reglugerð nr. 527/2017 um velferð dýra í flutningi

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar



Ni Nyoman Wija Ariyani, Sérgreinadýralæknir fiskisjúkdóma.